

# PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

SUÐURLANDSBRAUT 4  
108 REYKJAVÍK

SÍMI 510 1500      PÓSTUR PFS@PFS.IS  
FAX 510 1509      VEFUR WWW.PFS.IS



Íslandspóstur ohf.  
Ragnheiður Gunnarsdóttir  
Höfðabakki 9  
110 Reykjavík

Reykjavík, 5. febrúar 2020

Málsnúmer: 2019120073  
Málalykill: 13.2.2

## Málefni: Gjaldskrá Íslandspósts ohf. innan alþjónustu, endurskoðun

Íslandspóstur ohf. (hér eftir ÍSP) tilkynnti þann 16. desember 2019, í samræmi við 1. mgr. 18. gr. laga um póstþjónustu nr. 98/2019, um nýja gjaldskrá innan alþjónustu, sjá nánar umfjöllun Póst- og fjarskiptastofnunar (hér eftir PFS) sem birtist á vef stofnunarinnar þann 5 febrúar 2020.

Í yfirlýsing PFS kom m.a. fram að stofnunin hygðist ekki á þessu stigi beita inngrípsheimildum 3. mgr. 18. gr. laga um um póstþjónustu.

Í kafla 3.2. er hins vegar vikið að því að sú endurskoðun sem boðuð er af hálfu ÍSP, sérstaklega að því er viðkemur pakka gjaldskránni innan alþjónustu, geti ekki beðið þar til rekstrarárinu 2020 sé lokið og færir stofnunin m.a. eftirtalin rök fyrir því:

- Að mati PFS þarf ÍSP að sýna fram á að verðlagning fyrirtækisins hverju sinni taki mið af raunkostnaði að viðbættum hæfilegum hagnaði. Á þetta sérstaklega við um kröfuna um sömu gjaldskrá um land allt þar sem ÍSP kýs að miða verðlagningu á landinu öllu við gildandi verð á svæði 1, þ.e. vegna svæða 2 3 og 4, sem orsakar samsvarandi tekjutap á pökkum innanlands að öðru óbreyttu.
- Samkeppnisástæður á markaðnum, einkum skörun póstmarkaðar og flutningamarkaðar á dreifingu pakka innanlands.
- Jafnframt mun niðurstaða PFS í útnefningu nýs alþjónustuveitanda mögulega hafa hér áhrif en ekki er sjálfgefið að skyldan verði lögð á ÍSP. Í samráðsskjali PFS mun m.a. verða óskað eftir athugasemdum hagsmunaaðila við útfærslu PFS á gjaldskráreftirliti stofnunarinnar með vörum innan alþjónustu.

Til viðbótar ofangreindu er hægt að benda á að fyrirtækið mun væntanlega þegar á næstu mánuðum sjá að miklu leyti hvernig kostnaður og tekjur fyrirtækisins eru að þróast innan alþjónustu. Einnig ættu á sama tíma að vera komin fram áhrif af hagræðingu og þeim breytingum sem gerðar hafa verið á rekstri félagsins á undanförnum mánuðum og kynntar hafa verið opinberlega. Jafnframt ættu að vera komin fram áhrif af hagræðingu og þeim breytingum sem gerðar hafa verið á rekstri félagsins á undanförnum mánuðum og kynntar hafa verið opinberlega.

Jafnframt skiptir máli varðandi nauðsyn þess að endurskoða hina nýju gjaldskrá félagsins um leið og tök eru á, að ekki er sjálfgefið að fyrirtækið verði útnefnt með skyldu til að veita alþjónustu til framtíðar. Ákvörðun PFS nr. 29/2019 „*Skylda Íslandspósts ohf. til að veita alþjónustu um land allt*“ mun t.d. gilda þar til stofnunin hefur lokið útnefningarferli við val á þjónustusveitanda til að veita alþjónustu, sbr. 11. gr. laga um póstþjónustu nr. 98/2019, en þó eigi lengur en til 31. desember 2020. Mjög mikilvægt er að sú endurskoðun sem ÍSP boðaði að

fara ætti fram verði gerð um leið og nauðsynlegar upplýsingar úr rekstri ársins 2020 liggja fyrir. Endurskoðunin er einnig mikilvæg í ljósi þess að endanleg ákvörðun liggur ekki fyrir um alþjónustukostnað fyrirtækisins fyrir árið 2020, sbr. ákvörðun PFS nr. 29/2019, enda kann gjaldskráin að hafa áhrif á hversu hátt alþjónustuframlag ríkisins kemur til með að verða endanlega.

Með vísan til ofangreinds telur PFS að endurskoðun ÍSP á gjaldskrá félagsins innan alþjónustu, skuli ljúka eigi síðar en 5. maí 2020.

Hér með er ÍSP gefinn kostur á að koma með athugasemdir við þessa afstöðu PFS. Ef engar athugasemdir berast fyrir 19. febrúar 2020 verður litið svo á að félagið muni taka umrædda gjaldskrá til endurskoðunar í samræmi við ofangreint.

Virðingarfyllst,



Friðrik Pétursson